

Samstarfsyfirlýsing

Landssamband eldri borgara, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf að verkefnum sem lúta að nýsköpun í þjónustu við eldri borgara.

1.gr. Markmið

Að þessu samkomulagi standa annars vegar **Landssamband** eldri borgara á Íslandi og hins vegar stofnanir innan Háskóla Íslands sem láta sig varða rannsóknir á sviði þjónustu við aldraða, skipulag og stjórnsýslu málaflokksins.

Aðilar eru sammála um að áherslubreytinga sé þörf í málefnum eldri borgara, þar sem virkni, valfrelsi og sjálfræði eldri borgara í eigin málum er lagt til grundvallar í starfi og stuðningi við þennan þjóðfélagshóp. Aðilar eru sammála um að brýn þörf sé á nýrri hugsun og **nýrri nálgun** í málefnum **eldri borgara** og að því snýr samstarf þeirra.

Markmið samkomulagsins er að skapa vettvang fyrir nýsköpun, umræðu, upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga, rannsóknir og þróunarstarf í málefnum eldri borgara.

2. gr. Verkefni

Samstarfsaðilar munu á samningstímabilinu vinna sameiginlega að eftirfarandi verkefnum:

- Námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum **um málefni** eldri borgara þar sem leitast verður við að skapa umræðu um nýsköpun, nýja hugsun og nýjar leiðir í þjónustu við eldri borgara og til að efla virkni þeirra.
- Söfnun upplýsinga um verkefni er varða málefni **eldri borgara**, árangur þeirra og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar. Á það m.a. við um upplýsingar um þjónustu og tilboð fyrir **eldri borgara** sem hefur reynst vel (e. best practice/evidence based practice).
- Miðla upplýsingum með aðgengilegum hætti um niðurstöður rannsókna á fræðasviðum þeirra stofnana sem eiga aðild að samkomulaginu, í öldrunarfræðum, heilbrigðisvísindum, félagsvísindum og opinberri stjórnsýslu sem varða eldri borgara.
- Þróunarverkefnum til að bæta þjónustu við eldri borgara sem felst m.a. í því að koma þeim í framkvæmanlegt form í samstarfi við hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir.
- Gera rannsóknir og kannanir á stöðu og þjónustu við **eldri borgara** í samvinnu við opinbera aðila og aðra aðila.
- Auðvelda aðgengi eldri borgara að námskeiðum á vegum H.Í.**

3.gr.
Skipulag samstarfsins

Aðilar skipa sameiginlega verkefnisstjórn yfir þeim verkefnum sem samkomulag verður um og koma fulltrúar frá öllum aðilum. Leitað verður samstarfs við aðrar háskólastofnanir, ráðuneyti, sveitarfélög, hagsmunasamtök, fagfélög og aðra aðila eftir því sem tilefni er til. Aðilar eru sammála um að verkefnin sem þeir standa saman að standi fjárhagslega undir sér.

4.gr.
Gildistími

Yfirlýsing þessi gildir til næstu þriggja ára þ.e. til ársins 2014, en þá skal hún endurnýjuð með tilliti til þess árangurs sem samstarf aðila hefur skilað.

Reykjavík, 2010

Landssamband eldri borgara

Helgi Hjálmsón, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

Ásta Möller, Ómar H Kristmundsson

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands

Sigrún Júlíusdóttir, Elísabet Karlsdóttir